

Hagar hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar  
1. mars til 31. maí 2019

Hagar hf.  
Hagasmára 1  
201 Kópavogur

Kt. 670203-2120

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Eiginfjárfirlit .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Haga hf. er verslunarfyrtæki með starfsemi á Íslandi.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2019 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

## Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Áhrif af samruna Haga, Olís og DGV á rekstur samstæðunnar komu fyrst fram á fjórða ársfjórðungi rekstrarársins 2018/19 eða frá 1. desember 2018. Samanburðarfjárhæðum hefur ekki verið breytt og innifela þær ekki áhrif af hinum nýju félögum.

Þann 1. mars 2019 var innleiddur alþjóðlegur reikningsskilastaðall IFRS 16 Leigusamningar í reikningsskil samstæðunnar. Samkvæmt nýja staðlinum er eign (réttur til að nota hina leigðu eign) og skuld vegna greiðslu leigu færð í efnahagsreikning. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 15.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 665 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 61.469 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 24.391 millj. kr. og var eiginfjárlutfall 39,7%.

## Hlutafé og hluthafar

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.213 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Félagið á enga eigin hluti.

Hluthafar voru 676 í byrjun tímabilsins og 709 í lok þess.

Þann 7. júní 2019 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50% hagnaðar síðastliðins árs eða 1.158,5 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 27. júní sl.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2019, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. maí 2019 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2019 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 28. júní 2019

Stjórn:

Erna Gísladóttir  
Davíð Harðarson  
Eiríkur S. Jóhannsson  
Katrín Olga Jóhannesdóttir  
Stefán Árni Auðólfsson

Forstjóri:

Finnur Árnason

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

## 1. mars 2019 til 31. maí 2019

		2019	2018
	Skýr.	1.3.-31.5.	1.3.-31.5.
Vörusala .....		28.590	18.592
Kostnaðarverð seldra vara .....		( 22.158)	( 14.000)
<b>Framlegð</b> .....		<u>6.432</u>	<u>4.592</u>
Aðrar rekstrartekjur .....		108	56
Laun og launatengd gjöld .....		( 3.058)	( 2.054)
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>( 1.448)</u>	<u>( 1.401)</u>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b> .....		2.034	1.193
Afskriftir .....	7	( 933)	( 249)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		1.101	944
Fjármunatekjur .....		56	14
Fjármagnsgjöld .....		( 354)	( 48)
<b>Hrein fjármagnsgjöld</b> .....	8	<u>( 298)</u>	<u>( 34)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага .....		23	0
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		826	910
Tekjuskattur .....		<u>( 161)</u>	<u>( 182)</u>
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b> .....		<u>665</u>	<u>728</u>
<b>Hagnaður á hlut:</b>			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....		0,55	0,66

Skýringar á blaðsíðum 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. maí 2019

	Skýr.	31.5.2019	28.2.2019
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		19.680	19.430
Fjárfestingarfasteignir .....		3.910	3.863
Óefnislegar eignir .....		10.298	10.323
Leigueignir .....	15	9.405	0
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		916	1.171
Eignarhlutir í öðrum félögum .....		317	39
Skuldabréfaeign .....		87	70
Fastafjármunir samtals		<u>44.613</u>	<u>34.896</u>
Eignir til sölu .....		119	430
Vörubirgðir .....	9	8.084	7.746
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		3.750	3.212
Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur .....		1.189	3.831
Handbært fé .....		3.714	736
Veltufjármunir samtals		<u>16.856</u>	<u>15.955</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>61.469</u></u>	<u><u>50.851</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		1.213	1.213
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....		5.023	5.023
Lögbundinn varasjóður .....		303	303
Bundinn hlutdeildarreikningur .....		5.664	5.092
Óráðstafað eigið fé .....		12.188	12.648
Eigið fé samtals		<u>24.391</u>	<u>24.279</u>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi langtímaskuldir .....	10	4.544	4.594
Leiguskuldir .....	15	8.534	0
Tekjuskattsskuldbinding .....		2.466	2.283
Langtímaskuldir samtals		<u>15.544</u>	<u>6.877</u>
Vaxtaberandi skammtímaskuldir .....	10	7.692	8.431
Tekjuskattur til greiðslu .....		658	653
Leiguskuldir .....	15	1.561	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	11	11.366	10.309
Skuldbindingar .....		257	302
Skammtímaskuldir samtals		<u>21.534</u>	<u>19.695</u>
Skuldir samtals		<u>37.078</u>	<u>26.572</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>61.469</u></u>	<u><u>50.851</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit

## 1. mars 2019 til 31. maí 2019

---

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lög- bundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2019</b>						
Eigið fé 1. mars 2019 .....	1.213	5.023	303	5.092	12.648	24.279
IFRS 16, áhrif innleiðingar .....					( 554 )	( 554 )
Heildarhagnaður tímabilsins .....					665	665
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning .....				572	( 572 )	0
Eigið fé 31. maí 2019 .....	<u>1.213</u>	<u>5.023</u>	<u>303</u>	<u>5.664</u>	<u>12.188</u>	<u>24.391</u>
<b>Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2018</b>						
Eigið fé 1. mars 2018 .....	1.103	0	239	3.664	12.951	17.957
Heildarhagnaður tímabilsins .....					728	728
Tillag í lögbundinn varasjóð .....			36		( 36 )	0
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning .....				778	( 778 )	0
Eigið fé 31. maí 2018 .....	<u>1.103</u>	<u>0</u>	<u>275</u>	<u>4.442</u>	<u>12.865</u>	<u>18.685</u>

Þann 7. júní 2019 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50% hagnaðar síðastliðins árs eða 1.158,5 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 27. júní sl. Áhrif arðgreiðslunnar koma ekki fram í þessum árshlutareikningi þar sem arðgreiðslan var samþykkt eftir lok reikningskiladags.

Skýringar á blaðsíðum 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisýfirlit

## 1. mars 2019 til 31. maí 2019

	Skýr.	2019 1.3.-31.5.	2018 1.3.- 31.5.		
<b>Rekstrarhreyfingar</b>					
Hagnaður tímabilsins .....		665	728		
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....	(	7)	(	1)	
Afskriftir .....	7	933	249		
Hrein fjármagnsgjöld .....	8	298	34		
Áhrif hlutdeildarféлага .....	(	23)	0		
Tekjuskattur .....		161	182		
Veltufé frá rekstri		2.027	1.192		
Breytingar á rekstartengdum eignum .....		2.094	(	818)	
Breytingar á rekstartengdum skuldum .....		1.294	442		
Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt		5.415	816		
Innheimtar vaxtatekjur .....		25	12		
Greidd vaxtagjöld .....	(	356)	(	45)	
Greiddur tekjuskattur .....	(	117)	(	233)	
Handbært fé frá rekstri		4.967	550		
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>					
Fjárfesting í fasteignum .....	(	6)	(	121)	
Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum .....	(	51)	0		
Fjárfesting í áhöldum og innréttingum .....	(	728)	(	145)	
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(	2)	49		
Söluverð áhalda og innréttinga .....		13	10		
Skuldabréfaeign, breyting .....	(	36)	0		
Fjárfestingarhreyfingar		(	810)	(	207)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>					
Afborganir langtímalána .....	(	239)	(	192)	
Breyting á lánalínu .....	(	550)	0		
Leiguskuld afborganir .....	(	390)	0		
Fjármögnunarhreyfingar		(	1.179)	(	192)
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....		2.978	151		
<b>Handbært fé í upphafi tímabils</b> .....		736	222		
<b>Handbært fé í lok tímabils</b> .....		3.714	373		

Skýringar á blaðsíðum 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

---

## 1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutfélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2019 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og sala á eldsneyti.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2019.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 28. júní 2019.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2019. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.hagar.is](http://www.hagar.is).

Á reikningsskilatímabilinu tók í gildi nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall um leigusamninga IFRS 16. Gerð er grein fyrir áhrifum innleiðingar staðalsins í skýringu 15.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru allar fjárhæðir birtar í milljónum króna.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttir samstæðunnar eru þrír, Hagar hf., Olíuverzlun Íslands ehf. (Olís) og DGV ehf. Starfsemi Haga, þ.e. rekstur þeirra félaga sem mynduðu samstæðuna fyrir samruna Haga Olís og DGV, er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa hingað til metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist. Starfsemi DGV er eignarhald og rekstur fasteignar.

Starfspáttayfirlitið má finna í skýringu 16.

## 6. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisrymun viðskiptavildar þann 31. maí 2019 og vegna þess var virðisrymnunarpfótt ekki framkvæmt.

## Skýringar, frh.:

### 7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	<b>2019</b>	<b>2018</b>
	<b>1.3-31.5.</b>	<b>1.3- 31.5.</b>
Afskrift rekstrarfjármuna .....	472	236
Afskrift fjárfestingarfasteigna .....	27	8
Afskrift leigueigna .....	388	0
Afskrift óefnislegra eigna .....	46	5
Afskriftir samtals .....	<u>933</u>	<u>249</u>

### 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	<b>2019</b>	<b>2018</b>
	<b>1.3-31.5.</b>	<b>1.3- 31.5.</b>
Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum .....	26	12
Gengishagnaður .....	30	2
Fjármunatekjur samtals .....	<u>56</u>	<u>14</u>
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 233)	( 48)
Vaxtagjöld leiguskuldar .....	( 121)	0
Fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 354)</u>	<u>( 48)</u>
Hrein fjármagnsgjöld .....	<u>( 298)</u>	<u>( 34)</u>

### 9. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:	<b>31.5.2019</b>	<b>28.2.2019</b>
Matvara .....	4.040	4.067
Sérvara .....	1.787	1.740
Eldsneyti .....	2.047	1.668
Vörur í flutningi .....	210	271
Vörubirgðir samtals .....	<u>8.084</u>	<u>7.746</u>
Niðurfærsla birgða í lok tímabils .....	166	183

### 10. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:	<b>Vegið meðaltal vaxta</b>		<b>Eftirstöðvar</b>	<b>Eftirstöðvar</b>
	<b>31.5.2019</b>	<b>28.2.2019</b>	<b>31.5.2019</b>	<b>28.2.2019</b>
Skuldir í ISK, óverðtryggðar .....	5,58%	5,58%	11.986	12.225
Lánalína .....	6,20%	6,20%	250	800
Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun .....			12.236	13.025
Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda .....			( 7.692 )	( 8.431 )
Langtímaskuldir samtals .....			<u>4.544</u>	<u>4.594</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs .....	7.692	8.431
Afborganir eftir 1 til 2 ár .....	219	223
Afborganir eftir 2 til 3 ár .....	225	230
Afborganir eftir 3 til 4 ár .....	231	236
Afborganir síðar .....	3.869	3.905
Samtals .....	<u>12.236</u>	<u>13.025</u>

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

## Skýringar, frh.:

---

### 11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	<b>31.5.2019</b>	<b>28.2.2019</b>
Viðskiptaskuldir .....	9.126	7.499
Aðrar skammtímaskuldir .....	2.240	2.810
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	<u>11.366</u>	<u>10.309</u>

### 12. Félög í samstæðu

Dótturfélög félagsins í lok tímabilsins voru sex. Dótturfélögin í samstæðuárshlutareikningnum eru eftirfarandi:

		Eignarhlutur	
	Staðsetning	31.5.2019	28.2.2019
Hagar verslanir ehf. ....	Ísland	100%	100%
Bananar ehf. ....	Ísland	100%	100%
Ferskar kjötvörur ehf. ....	Ísland	100%	100%
Noron ehf. ....	Ísland	100%	100%
Olíuverzlun Íslands ehf. (Olís) .....	Ísland	100%	100%
DGV ehf. ....	Ísland	100%	100%

Hlutir móðurfélagsins í Högum verslunum ehf., Bönunum ehf., Ferskum kjötvörum ehf. og Noron ehf. eru veðsettir vegna vaxtaberandi skulda.

### 13. Kennitölur

**Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:**

<b>Efnahagsreikningur:</b>	<b>31.5.2019</b>	<b>28.2.2019</b>
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	0,78	0,81
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildareignir .....	39,7%	47,7%
Innra virði hlutfjár .....	20,11	20,02

### 14. Önnur mál

Þann 7. mars 2019 skrifuðu Hagar undir kaupsamning á 90% eignarhlut í Reykjavíkur Apóteki ehf. Kaupsamningurinn var undirritaður með fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Þann 29. apríl 2019 skrifaði Olís undir kaupsamning um kaup á öllu hlutfé í Mjöll Frigg ehf. Kaupsamningurinn var undirritaður með fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

### 15. IFRS 16 Leigusamningar

*Eðli breytinganna*

IFRS 16 Leigusamningar var gefinn út í janúar 2016 og var innleiddur í reikningsskil samstæðunnar frá 1. mars 2019. Staðallinn leiðir til þess að nánast allir leigusamningar eru færðir í efnahagsreikningi leigutaka vegna þess að meðferð rekstrar- og fjármögnunarleigusamninga er ekki lengur mismunandi. Samkvæmt nýja staðlinum er eign (réttur til að nota hina leigðu eign) og skuld vegna greiðslu leigu færð í efnahagsreikning.

*Áhrif*

Samstæðan hefur farið yfir alla leigusamninga sína með tilliti til þessara nýju reikningsskilareglna samkvæmt IFRS 16. Staðallinn mun fyrst og fremst hafa áhrif á rekstrarleigusamninga samstæðunnar.

## Skýringar, frh.:

---

### 15. IFRS 16 Leigusamningar, frh.

Áhrif, frh.

Félagið beitir afturvirkri innleiðingu að hluta, þannig að samanburðatölur eru ekki endurgerðar og uppsöfnuð áhrif vegna innleiðingarinnar eru færð á eigið fé við innleiðinguna 1. mars 2019. Fasteignir til afnota voru metnar við innleiðinguna eins og nýja staðlinum hafi alltaf verið beitt.

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru vegna húsnæðis. Við útreikning fjárhæða leigueigna og leiguskulda var lagt mat á leigutíma og vexti á nýju lánsfé enda var ekki unnt að ákvarða innbyggða vexti í leigusamningum með áreiðanlegum hætti. Vagnir meðalvextir voru ákvarðaðir 5,45%.

Þann 1. mars 2019 færði samstæðan leigusamninga með eftirfarandi hætti:

Leigueign við upptöku IFRS 16 .....	9.531
Leigusuld við upptöku IFRS 16 .....	( 10.223)
Áhrif upptöku IFRS á eigið fé .....	554
Áhrif upptöku IFRS á tekjuskattsskuldbindingu .....	138

Áhrif á reikningskilatímabilinu

Leigueignir

Leigueignir eru upphaflega færðar í efnahagsreikning á upphafsdegi leigusamninga og metnar á kostnaðarverði. Þær eru síðan færðar í samræmi við ákvæði IFRS 16, að teknu tilliti til afskrifta, virðisrýrnunar og leiðréttinga vegna endurmats leiguskulda, eftir því sem við á. Leigueignir eru sérgreindar í efnahagsreikningi meðal fastafjármuna.

Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

Leigueignir 1. mars 2019 .....	9.531
Nýir samningar á tímabilinu .....	232
Breyting vegna endurmats á leiguskuldum .....	30
Afskriftir tímabilsins .....	( 388)
Leigueignir 31. maí 2019 .....	<u>9.405</u>

Leiguskuldir

Leiguskuldir eru upphaflega færðar í efnahagsreikning á upphafsdegi leigusamninga og metnar miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á hverjum tíma. Leigugreiðslur eru núvirtar á áætluðum nýtingartíma með vöxtum samstæðunnar á nýju lánsfé á hverjum tíma.

Eftir upphaflega færslu er bókfært verð leiguskulda hækkað vegna vaxtagjalda og lækkað vegna afborgunarhluta leigugreiðslna. Bókfært verð er jafnframt endurmetið þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu, á mati á þeirri fjárhæð sem vænst er að þurfi að greiða á grundvelli hrakvirðistryggingar, eða þegar við á, breytinga á mati á því hvort nokkuð víst er að kaupheimild eða framlengingarheimild verði nýtt eða að uppsagnarheimild verði ekki nýtt. Leigugreiðslum er skipt í vaxtahluta annars vegar og afborgunarhluta leiguskulda hins vegar. Vaxtahluti leigugreiðslna fer almennt lækkandi eftir því sem líður á leigutíma. Leiguskuldir eru sérgreindar í efnahagsreikningi og skipt í langtíma- og skammtímahluta.

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

Leiguskuldir 1. mars 2019 .....	10.223
Nýir samningar á tímabilinu .....	232
Vaxtagjöld .....	121
Greiddar leiguskuldir á tímabilinu .....	( 511)
Hækkun vegna vísitölubindingar leigugreiðslna .....	30
Leiguskuldir 31. maí 2019 .....	<u>10.095</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 15. IFRS 16 Leigusamningar, frh.

#### *Áhrif á rekstrarreikning*

Vegna færslu leigusamninga samkvæmt IFRS 16 hefur samstæðan fært í rekstrarreikning á tímabilinu afskriftir að fjárhæð 388 millj. kr. og vaxtagjöld að fjárhæð 121 millj. kr. Beiting IFRS 16 á fyrsta ársfjórðungi leiðir til þess að EBITDA tímabilsins er 511 millj. kr. hærri en hefði verið ef fyrri reikningsskilaaðferðum vegna leigusamninga hefði verið beitt áfram.

## Skýringar, frh.:

### 16. Starfspáttayfirlit

Fyrsti ársfjórðungur 2019/20	Hagar hf.	Ólíuverzlun	DGV ehf.	Jöfnunar-	Beiting	Samtals
	1.3.19-31.5.19	Íslands ehf. 1.3.19-31.5.19	1.3.19-31.5.19	færslur	IFRS 16*	
Vörusala .....	19.428	9.178	0	( 16)	0	28.590
Aðrar rekstrartekjur .....	72	10	26	0	0	108
<b>Heildartekjur starfspáttá</b> .....	<b>19.500</b>	<b>9.188</b>	<b>26</b>	<b>(16)</b>	<b>0</b>	<b>28.698</b>
Heildarrekrargjöld starfspáttá .....	(18.483)	(8.703)	(5)	16	511	(26.664)
<b>EBITDA starfspáttá</b> .....	<b>1.017</b>	<b>485</b>	<b>21</b>	<b>0</b>	<b>511</b>	<b>2.034</b>
Afskriftir starfspáttá .....	( 334)	( 199)	( 12)	0	( 388)	( 933)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	0	23	0	0	0	23
<b>Rekstrarafkoma starfspáttá</b> .....	<b>683</b>	<b>309</b>	<b>9</b>	<b>0</b>	<b>123</b>	<b>1.124</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 113)	( 51)	( 13)	0	( 121)	( 298)
Tekjuskattur .....						( 161)
<b>Hagnaður ársins</b> .....						<b>665</b>
<b>31. maí 2019</b>						
Eignir starfspáttá .....	32.917	17.987	1.160	0	9.405	61.469
<b>Eignir samtals</b> .....						<b>61.469</b>
Skuldir starfspáttá .....	16.258	9.882	843	0	10.095	37.078
<b>Skuldir samtals</b> .....						<b>37.078</b>
Fjárfestingar starfspáttá .....	503	271	0	0	0	774
<b>Fyrsti ársfjórðungur 2018/19</b>						
Vörusala .....	18.592	0	0	0	0	18.592
Aðrar rekstrartekjur .....	56	0	0	0	0	56
<b>Heildartekjur starfspáttá</b> .....	<b>18.648</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>18.648</b>
Heildarrekrargjöld starfspáttá .....	(17.455)	0	0	0	0	(17.455)
<b>EBITDA starfspáttá</b> .....	<b>1.193</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.193</b>
Afskriftir starfspáttá .....	( 249)	0	0	0	0	( 249)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	0	0	0	0	0	0
<b>Rekstrarafkoma starfspáttá</b> .....	<b>944</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>944</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 34)	0	0	0	0	( 34)
Tekjuskattur .....						( 182)
<b>Hagnaður ársins</b> .....						<b>728</b>
<b>31. maí 2018</b>						
Eignir starfspáttá .....	30.312	0	0	0	0	30.312
<b>Eignir samtals</b> .....						<b>30.312</b>
Skuldir starfspáttá .....	11.627	0	0	0	0	11.627
<b>Skuldir samtals</b> .....						<b>11.627</b>
Fjárfestingar starfspáttá .....	207	0	0	0	0	207

\* Stjórnendaupplýsingar vegna starfspáttá taka ekki mið af beitingu IFRS 16